

Mál nr. 2 2012/2013

Aðsent 23. október 2012

Mál nr. 2 2012/2013

Kærandi: Ísak Már Símonarson.

Kærðu: Vísir - 365 Miðlar.

Kæruefni: Myndbirting vegna flugslyss á Njarðvíkurheiði.

Í kæru þessari er óskað eftir úrskurði siðanefndar Blaðamannafélagsins hvort ákveðin tilgreind umfjöllun brjóti gegn siðareglum Blaðamannafélagsins og er þar átt við myndbirtingu sem kærandi telur brjóta í bága við 3. grein siðareglna BÍ þar sem segir: *Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.*

Málavextir

Í kærinni er vísað á eftirfarandi tengil á frétt á fréttavef *Vísis* hinn 20. október 2012 um flugslys á Suðurnesjum (<http://visir.is/alvarlegt-flugslys-a-sudurnesjum/article/2012121029957>). Kærandi sem er aðstandandi annars þess er lést í slysinu, telur að brotin hafi verið 3. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands með myndbirtingu af flaki flugvélarinnar sem fórst.

Siðanefnd fjallaði um kæru þessa á fundum sínum hinn 23. október og 6. nóvember 2012, í tölvupóstasamskiptum milli nefndarmanna, og á fundi nefndarinnar hinn 13. nóvember 2012 þar sem úrskurðað var um kærana.

Sjónarmið kæranda

Af hálfu kæranda er lögð áhersla á að myndin af flaki flugvélarinnar á slysstað hafi verið birt áður en aðstandendur höfðu verið upplýstir um slysið og dæmi verið um að aðstandandi fengi þessar fréttir í gegnum vefmiðilinn þar sem vélin hafi verið auðþekkjanleg á myndinni. Auk þess hafi það valdið öðrum aðstandendum miklum sársauka að sjá myndir af slysstað mínútum eftir að hafa fengið fréttir af skyndilegu fráfalli.

Lögð er því fram formleg kvörtun vegna þessara vinnubragða og það sagt gert með von um að með því sé hægt að sporna við því að slík dæmi endurtaki sig og valdi fólki óþörfum sársauka á erfiðum tímum.

Fram kemur að dóttir annars hins látna hafði samband við *Vísi* um leið og hún sá myndina og henni verið lofað að myndinni yrði breytt sem var svo ekki staðið við. Einnig hafi verið hringt og kvartað en lítið verið komið á móts við ættingja og engin afsökun borist á vinnubrögðum í þessu efni. Tilgangur kvörtunarinnar sé engu að síður fyrst og fremst að fyrirbyggja að vinnubrögð af þessu tagi endurtaki sig og að ritstjórn *Vísis* sjái sér þann sóma að sýna meiri varkárni í jafn viðkvæmum málum og þessu.

Sjónarmið kærða

Í svari lögmans 365 miðla, sem fréttavefurinn *visir.is* er hluti af, kemur fram að fréttaumfjöllun um slys sem telja má alvarleg og eru óalgeng í íslensku samfélagi séu fréttir er varða almannahagsmuni. Dæmi séu um myndbirtingar af bílslysum, eldsvoðum, snjóflóðum, sjóslysum o.fl. skömmu eftir slys.

Þá kemur fram að miðlar 365, og þar á meðal ritstjórn *Vísis* sem um ræðir í máli þessu, starfi eftir 3. gr. siðareglna BÍ sem tilgreind er hér að framan. Til samræmis við það hafi í umræddri myndbirtingu þess verið gætt að torkenna hana, „myndin væri gerð óskýr, einkum til þess að einkenni vélarinnar sæust ekki á myndinni. Einnig má geta þess að í fréttinni var ekki tekið fram að um banaslys væri að ræða, þó að sú vitneskja hafi legið fyrir hjá blaðamanni þegar fréttin er birt, og var þeim upplýsingum haldið til hlés fyrst um sinn einmitt til að sýna þá tillitssemi sem kveðið er á um í 3. gr. ofangreindra reglna,” segir ennfremur í umsögninni.

365 miðlar harma að nákominn aðstandandi hafi fyrst frétt af slysinu í gegnum *Vísi* en fallast ekki á að þar hafi ekki verið um vandaða fréttamennsku að ræða. Mörg dæmi séu fyrir því að til að mynda fréttir af sjóslysum valdi því að aðstandendur heyri fyrst af þeim í gegnum fjölmiðla. „Þó að það sé vont að ekki sé hægt að vernda aðstandendur að öllu leyti fyrir því að boðleiðir válegra tíðinda séu ekki í gegnum fjölmiðla, þá er ekki hægt að leyna atburðinum sjálfum úr upplýsingagjöf til íslensks samfélags, heldur eingöngu að reyna að vanda þar vel til verka. Það er betra að slíkar fréttir séu í höndum faglegra fjölmiðla sem leggja sig fram um að virða siðareglur þær sem fagið hefur sett sér til að minnka líkurnar á því að aðrir komi upplýsingunum á framfæri í gegnum hinar ýmsu tæknilegu boðleiðir á ekki jafn vandaðan og tillitssaman hátt,” segir ennfremur í umsögn lögmans 365 miðla.

Þá er því bætt við að lokum að kærandi hafi ekki beðið um að myndin yrði fjarlægð. Slíkt samræmist ekki ákvæðum siðareglna BÍ um að kærandi skuli fyrst leita leiðréttinga sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli. Segir í niðurlagi greinargerðar 365 miðla að í ljósi alls ofangreinds sé það mat blaðamanna og ritstjóra umræddrar fréttar „að þær hafi verið í einu og öllu unnar innan ramma siðareglna 365 og BÍ og að vönduð blaðamennska hafi verið í hávegum höfð í máli sem varðar alvarlegan atburð í íslensku samfélagi sem á erindi við almenning þó að vandmeðfarinn sé.”

Niðurstaða

Í fréttum af flugslysinu kemur fram að tilkynning um það barst kl. 15.20 laugardaginn 20. október 2012. Frétt um slysið á *Vísi* er tímasett kl. 16.38 og segir í fyrirsögn: ***Alvarlegt flugslys á Suðurnesjum*** en í fréttinni sjálfri með umræddri mynd segir: „Lítill físvél brotlenti rétt sunnan við Seltjörn á Njarðvíkurheiði í dag. Lögreglumenn eru á vettvangi en tilkynnt var um slysið klukkan rúmlega þrjú í dag.”

Þótt jafnan sé álitamál hversu langt skuli líða milli slysfara og birtingar fréttar af þeim svo að megi „*forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu*” eins og segir í 3. grein siðareglna en slíkt er matskennd ákvörðun og hlýtur nokkru leyti að taka mið af aðstæðum hverju sinni. Í þessu tilfelli verður að hafa í huga að slysið verður í grennd við fjölfarna leið, ekki langt frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar, og ljóst að margir hafa

orðið vitni að því eða þess varir með einum eða öðrum hætti. Í frétt *visis.is* er einungis sagt að alvarlegt slys hafi orðið og í þeim gögnum sem siðanefnd hefur fengið til skoðunar hefur myndin, sem fylgir fréttinni og er kærufnið, ótvírætt verið torkennd til að erfiðara sé að þekkja flugvélina.

Kærandi og kærða ber ekki saman um leiðréttingarkröfuna sem kveðið er á um í siðareglunum. Kærandi segir að strax hafi verið gerð athugasemd við myndbirtinguna og ekki orðið við óskum að breyta myndinni. Kærði segir engar óskir um leiðréttingu hafa borist en myndin hafi verið gerð torkennileg til að einkenni vélarinnar sæust ekki. Er ekki hægt að skilja greinargerð kærða öðru vísi en að svo hafi verið gert strax í byrjun. Í þessu efni stendur orð á móti orði en fallast verður á með kærandi að kvörtun af því tagi sem kærandi segir að sett hafi verið fram feli í sér ósk um leiðréttingu. Á hinn bóginn verða ekki bornar brigður á þá staðhæfingu að myndin hafi verið torkennd frá upphafi til að einkenni flugvélarinnar væru ekki greinanleg. Þegar frétt *visir.is* frá slysinu er kölluð upp á tenglaslóð þeirri sem fylgir kærinni er með engu móti unnt að greina einkenni flugvélarinnar.

Eftir stendur þá það álitamál hvort frétt *visir.is* um slysið hafi birst of stuttu eftir að það varð. Sé horft til þess að slysið varð á mjög fjölförnum slóðum, nánast almannafæri, er ekki hægt að gera athugasemdir við að miðillinn hafi talið sig þurfa að birta frétt svo skömmu eftir atburðinn og myndbirtingin með þeim hætti sem hún var, verið innan settra marka.

Úrskurður

Kærðu teljast ekki hafa brotið siðareglu Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík, 13. nóvember 2012


Björn Vignir Sigurpálsson


Hjörtur Gíslason;


Ásgeir Þ. Árnason;


Friðrik Þór Guðmundsson;


Róbert Harðarson